

Aðalfundur 2025 Tillögur um breytingar á samþykktum

1) Breytingar á gr. 4.6 um aldur til að greiða iðgjöld til sjóðsins

Stjórn Lífsverks leggur til að gr. 4.6. í samþykktum sjóðsins verði eftirleiðis svohljóðandi (breytingar sjáanlegar í tillögu):

4.6 Enginn greiðir iðgjöld til sjóðsins lengur en til **70** ~~72~~ ára aldurs.

Greinargerð:

Breytingar á samþykktum eru í samræmi við lög nr. 129/1997 um lífeyrissjóði og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, sem kveða á um skyldu um aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára til 70 ára aldurs og að vafi kunni að leika á að iðgjöld sem greidd eru eftir 70 ára aldur séu frádráttarbær samkvæmt lögum um tekjuskatt.

2) Breyting á gr. 8.5 og 8.9 um örorkulífeyri og rétt á framreikningi réttinda

Stjórn Lífsverks leggur til að gr. 8.5 og 8.9 í samþykktum sjóðsins verði eftirleiðis svohljóðandi (breytingar sjáanlegar í tillögu):

8.5 Til viðbótar áunnum réttindum skv. 6. gr. á sjóðfélagi sem misst hefur starfsorku skv. framanskráðu rétt á framreikningi réttinda, uppfylli hann eftirgreind skilyrði:

- Hefur greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum árum **og eigi minna en kr. 120.000 hvert ár. Upphæðin skal breytast árlega í hlutfalli við vísitölu neysluverðs, miðað við grunnvísitölu 634,7 stig.**
- hefur greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum;
- hefur ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

8.9 **Ekki er greiddur örorkulífeyrir ef orkutap skv. gr. 8.1 varir skemur en sex mánuði.** Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap.

Greinargerð:

Lagt er til að bætt verði við ákvæði í gr. 8.5 um að við missi starfsorku hafi verið greitt lágmarksiðgjald til sjóðsins til þess að öðlast rétt á framreikningi réttinda og að í gr. 8.9 komi fram að örorkulífeyrir sé ekki greiddur ef orkutap varir skemur en sex mánuði. Ákvæðin er í samræmi við ákvæði í samþykktum annarra lífeyrissjóða.

3) Breyting á gr. 21.1 og 21.4 um tilgreinda séreign

Stjórn Lífsverks leggur til að gr. 21.1 og 21.4 í samþykktum sjóðsins verði eftirleiðis svohljóðandi (breytingar sjáanlegar í tillögu):

21.1 Sjóðfélagi er heimilt að ráðstafa allt að 3,5% iðgjaldi af iðgjaldsstofni skv. 4. gr. í tilgreinda séreignardeild sjóðsins, ~~enda sé gert ráð fyrir því í kjara eða ráðningarsamningi.~~ Stjórn lífeyrissjóðsins fer með stjórn tilgreindu séreignardeildarinnar.

21.4 Varðveisla og ávöxtun tilgreindrar séreignar skal vera fjáhagslega aðskilin frá samtryggingardeildinni og skal afmarka sérstaklega innan sparnaðarleiða séreignardeildarinnar. **Stjórn sjóðsins er heimilt að bjóða upp á eina eða fleiri ávöxtunarleiðir fyrir tilgreinda séreign og mótar fjárfestingarstefnu fyrir leiðirnar í samræmi við lög nr. 129/1997.**

Greinargerð:

Lagt er til að felld verði á brott í gr. 21.1 skilyrði þess að hægt sé að ráðstafa 3,5% iðgjaldi í tilgreinda séreign, að gert sé ráð fyrir því í kjara eða ráðningarsamningi. Ákvæðið á ekki lengur við eftir að ákvæði um tilgreinda séreign voru lögfest. Þá er bætt við ákvæði í gr. 21.4 að stjórn sjóðsins sé heimilt að bjóða uppá eina eða fleiri ávöxtunarleiðir fyrir tilgreinda séreign og móta fjárfestingarstefnu fyrir leiðirnar í samræmi við lög nr. 129/1997. Er þetta í samræmi við gr. 20.4 sem kveður á um sambærilega heimild til stjórnar fyrir séreignardeildina.